

Aðalfundur SÍL 2006

Haldinn í Tónlistarskóla Árnesinga á Selfossi
sunnudaginn 1. október

Á fundinn voru mættir fulltrúar frá sex lúðrasveitum.

Vilborg setti fundinn kl. 11:45 og var Borgar Jónsteinsson skipaður fundarstjóri.

1. VENJULEG AÐALFUNDARSTÖRF

Atli las fundargerð síðasta aðalfundar og var hún samþykkt.

Jón Ingvar lagði fram endurskoðaða reikninga sem voru samþykktir eftir nokkrar umræður.

Vilborg las skýrslu formanns um síðasta starfsár, sem var samþykkt. Kynnti einnig hvernig starfsemi Nomu hefur verið síðasta árið.

Ákvörðun um félagsgjald:

Lagt var til að taka upp félagsgjald til að það sé á hreinu hvaða hljómsveitir eru starfandi í sambandinu. Einnig til að tryggja fjárhag sambandsins. Sveitir sem borga félagsgjöld gætu t.d. notið einhverra fríðinda sem aðrar sveitir hefðu þá ekki. Sumir vilja taka upp félagsgjald en aðrir ekki. Í sumar fengum við 400.000 kr. styrk frá tónlistarsjóði, þannig að fjárhagur næsta árs er tryggður. Eftir nokkrar umræður um þetta var ákveðið að félagsgjaldið verði áfram 0 krónur, en stjórnin taki ákvörðun um hvert það verður fyrir næsta aðalfund.

Kosningar:

Vilborg gefur ekki kost á sér áfram sem formaður, en er til í að vinna með nýju stjórninni til að byrja með. Stungið upp á Stefáni Sigurjónssyni og Runólfi Eymundssyni. Stefán baðst undan en Runólfur gaf kost á sér. Engin annar bauð sig fram og var Runólfur því kosinn formaður.

Jón Ingvar gefur áfram kost á sér sem gjaldkeri. Engin önnur framboð komu fram og var Jón því kosinn.

Atli býður sig ekki fram sem ritari. Stungið upp á Ásu Berglindi Hjálmarsdóttur. Enginn annar gaf kost á sér og var Ása kosin ritari.

Hvorki Finnbogi Óskarsson né Helgi Ólafsson gefa áfram kost á sér sem meðstjórnendur.

Stungið upp á Atla sem meðstjórnanda og var hann kosinn. Lagt var til að leita til

Lúðrasveitar Reykjavíkur eftir öðrum meðstjórnanda og var það samþykkt.

Stjórn SÍL starfsárið 2006-2007 er því þannig skipuð:

Formaður: Runólfur Eymundsson

Gjaldkeri: Jón Ingvar Bragason

Ritari: Ása Berglind Hjálmarsdóttir

Meðstjórnandi: Atli Týr Ægisson

Endurskoðendur voru kosnir þeir Sigurður Smári Gylfason og Borgar Jónsteinsson.

2. SKÝRSLUR HLJÓMSVEITANNA

Fulltrúar lúðrasveita sem staddir voru á fundinum gáfu stutta skýrslu um starfsemi sinna hljómsveita.

Lúðrasveit Verkalýðsins: Malcolm Holloway tók við sem stjórnandi síðasta haust.

Héldu hausttónleika í nóvember og spiluðu á Laugavegi fyrir jólin. Vortónleikar voru haldnir í mars. Hefðbundnar spilamennskur, s.s. á 1. maí o.fl. Sveitin fór til

Grundarfjarðar á sjómanna daginn. Framundan eru tónleikar í nóvember og utanlandsferð um páskana. Hefur gengið vel að fá hljóðfæraleikara.

Lúðrasveitin Svanur: Starfsemin gengur vel og sveitin er vel mönnuð. Um 20-30 hljóðfæraleikarar mæta á æfingar. Spiluðu á vetrarhátíð í Reykjavík síðasta vetur. Tók á móti þýskri lúðrasveit í júní. Fóru á Bad Orb hátíðina í Þýskalandi í september. Jólatónleikar verða haldnir í Neskirkju 4. desember.

Lúðrasveit Þorlákshafnar: Hélt jólatónleika í desember með tveimur kórum í Þorlákshöfn. Hefðbundnar spilamennskur og vortónleikar síðasta vor. Starfsemin hófst í lok september. Í vetur verða sennilega ekki reglulegar æfingar, heldur verður bara æft fyrir sérstaka atburði. Í haust verður sennilega samstarf með Lúðrasveit Verkalýðsins og e.t.v. sameiginlegir tónleikar. Um 15-20 manns spila með sveitinni.

Lúðrasveit Hafnarfjarðar: Hefur gengið illa að fá fólk á æfingar. Haust-/jólatónleikar voru haldnir í nóvember. Jólatrésspilamennska fyrir jólin. Æfingar lögðust af eftir áramótin en sveitin spilaði þó á 1. maí, sjómannadeginum og 17. júní. Engir vortónleikar voru haldnir síðasta vor. Áætlað að halda tónleika í nóvember þar sem spilaðir verða brasskórar.

Lúðrasveit Selfoss: Æfingar hófust að hausti og stóðu fram til 17. júní. Starfsemin hefur ekki verið mikil fyrir utan hefðbundnar spilamennskur. Um 20 manns spila með. Hefur ekki gert neinn samning við bæinn.

Lúðrasveit Vestmannaeyja: Var boðið til Hafnar í Hornafirði síðasta haust, sem gjöf fyrir landsmótið 2004. Hélt þar tónleika ásamt Lúðrasveit Hornafjarðar. Styrktarfélagatónleikar voru haldnir síðasta haust. Jólatrésspilamennska fyrir jólin og spilað í messu á jóladag. Hefðbundnar spilamennskur í vor/sumar. Spilaði einnig á þæju- og pollamótum í sumar. Sveitin er nýkomin frá Búlgaríu. Styrktarfélagar sveitarinnar eru um 200.

3. LANSMÓT EÐA...

Rætt um landsmótið sem féll niður síðasta sumar og framtíð landsmóta SÍL.

Jón Ingvar sagði frá skipulagningu landsmótsins, sem Lúðrasveitin Svanur tók að sér að skipuleggja. Það voru miklar hugmyndir um breytingar á fyrirkomulaginu. Meðal annars átti að breyta tónleikaforminu og láta sveitirnar spila meira en gert hefur verið, þ.e. að mótið gangi fyrst og fremst út á að spila tónlist. Aðrar hljómsveitir sýndu lítil viðbrögð og tilkynntu hver á eftir annarri að þær gætu ekki tekið þátt í mótinu. Einnig gekk ekki nógu vel að safna styrkjum fyrir mótið. Það var þó haldið með Svaninum og þýsku hljómsveitinni sem kom til landsins.

Sumir á fundinum eru óánægðir með nafnið á landsmótinu, þ.e. „Wind festival“.

Hugmyndin með nafninu var að fá erlendar sveitir til að mæta á mótið og þar með hvetja íslensku hljómsveitirnar til að hlusta á þær.

Flestir eru sammála um að tímasetning mótsins hafi verið aðalástæðan fyrir því að mótið féll niður, en það átti að vera í lok júní. Flestar hljómsveitirnar eru komnar í sumarfrí á þeim tíma. En mótmælin hefðu mátt vera háværarari strax í upphafi.

Allir eru sammála um að halda landsmótunum áfram, en það er e.t.v. of mikið að halda þau með tveggja ára millibili - það er of stór biti fyrir sveitir sem eru fjárhagslega illa staddar.

Sumir vilja halda forminu á landsmótum eins og það hefur verið, þ.e. að hljómsveitirnar spili á tónleikum hver fyrir aðra. Aðrir vilja gera einhverja breytingu. T.d. að halda landsmót með elstu skólahljómsveitunum. Svo þarf ekki endilega að halda það á stað þar sem lúðrasveit er starfandi.

Rætt um tilgang landsmótanna: Eru þau haldin til að spila eða bara til að menn geti hist?

Lán á hljóðfæraleikurum á milli sveita á landsmótstónleikum: Sumir eru ánægðir með það, aðrir óánægðir.

Lengd á landsmótstónleikum: Sumum finnst tónleikarnir allt of langir.

Áfengisdrykkja hefur verið mikið vandamál á síðustu landsmótum, því það eru útvistarreglur sem þarf að virða.

Að lokum var lagt til að stjórn SÍL tæki að sér að skipuleggja landsmót sem yrði haldið næsta sumar á einhverjum stað þar sem ekki er starfandi lúðrasveit. Var þessi tillaga samþykkt.

4. ÖNNUR MÁL

Spurt var um þjónustusamninga sem sumar hljómsveitir hafa gert við sín bæjarfélög. Samningarnir eru yfirleitt þannig að sveitirnar og bæjarfélögin gera samning sín á milli sem gildir í þrjú til fjögur ár. Þær hafa þá ákveðnar skyldur og fá vissa upphæð greidda frá bænum á hverju ári.

Rætt um erfiðleika við að fá nemendur úr tónlistarskólum í sveitirnar og að halda fólkinu áfram í hljómsveitunum. Sumir félagar virðast „of góðir“ fyrir hljómsveitirnar, t.d. ef þeir fara út til hljóðfæranáms og koma svo aftur til landsins. Það er of mikið annað í boði fyrir lengst komnu hljóðfæraleikarana.

Spurning hvort að SÍL gæti ekki stutt við samvinnu tónlistarskólanna og aðildarsveita sambandsins um að fá eldri nemendur yfir til sveitanna. Það virðist vera mismunandi eftir kennurum hvort þeir vilja senda nemendur í lúðrasveitir.

Spurt um hver laun stjórnenda séu í hljómsveitunum. Þau eru mismunandi eftir sveitum.

Rætt um að koma saman úrvalshljómsveit SÍL fyrir næsta landsmót.

Spurt um Nomu og hversu margir eru ennþá starfandi í lúðrasveitunum, t.d. fimm árum eftir að þeir hafa farið á blásaranámskeiðin. Fólk sem fer á námskeiðin er almennt starfandi í 2-5 ár í viðbót með hljómsveitunum eftir námskeiðin. Standardinn er alltaf að hækka á þessum námskeiðum. Spurning hvort að SÍL eigi að vera að eyða svona miklum peningum í þessa fáu hljóðfæraleikara sem fara á námskeiðin ef það skilar sér ekki til baka í sveitirnar.

Nótnaútgáfa: Það á eftir að gera upp við Ellert Karlsson vegna tölvusetningar á mörsum eftir Árna Björnsson. Össur Geirsson á líka útsetningar sem á eftir að gefa út. Jólabókin er til á tölvutæku formi en það á eftir að prenta hana. Spurning hvort að SÍL eigi að kaupa eitthvað af nótum eftir útsetjarana og selja þær hljómsveitunum.

Minnst var á sjóð sem nokkrar lúðrasveitir eiga hjá samtökum höfundar- og flutningsréttar. Hann er í eigu lúðrasveita sem hafa gefið út plötur. Hugsanlegt að það sé hægt að fá einhvern pening úr þessum sjóði.

Rætt um að gera þyrfti skrá yfir lög sem SÍL hefur gefið út. Best væri ef Tónverkamiðstöðin hefði aðgang að þessari skrá.

Fleira var ekki rætt og var fundinum slitið. kl. 15:50.

Atli Týr Ægisson,
ritari